

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 601/2008 um verndarráðstafanir sem gilda um tiltekna lagarafurðir sem eru fluttar inn frá Gabon og eru ætlaðar til manneldis.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. og II. kafla, I. viðauka og XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 1. maí 2010, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 601/2008 um verndarráðstafanir sem gilda um tiltekna lagarafurðir sem eru fluttar inn frá Gabon og eru ætlaðar til manneldis.

2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Allur kostnaður við opinbert eftirlit, þ.m.t. sýnataka, greining sýna, geymsla, förgun og allar aðrar ráðstafanir sem gripið er til skal greiddur af innflutnings- og dreifingaraðilum eftir því sem við á.

4. gr.

Innflutnings- eða dreifingaraðilar sem flytja inn eða dreifa vörum sem reglugerð þessi tekur til, skulu senda Matvælastofnun tilkynningu og gögn um fyrirhugaðan innflutning ásamt upplýsingum um áætlaðan komutíma.

5. gr.

Matvælastofnun hefur eftirlit samkvæmt 6. gr. laga nr. 93/1995 með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

6. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 27. gr. b og 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 24. mars 2011.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 601/2008**

frá 25. júní 2008

um verndarráðstafanir sem gilda um tilteknar lagarafurðir sem eru fluttar inn frá Gabon og eru ætlaðar til manneldis

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla⁽¹⁾, einkum b-lið 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 178/2008 verður að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir þegar ljóst er að matvæli sem eru innflutt frá þriðja landi geta haft í för með sér alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða fyrir umhverfið og ekki er hægt að hafa fullnægjandi stjórn á þessari áhættu með þeim ráðstöfunum sem eitt eða fleiri viðkomandi aðildarríki hafa gripið til.
- 2) Skoðun á vegum Bandalagsins, sem framkvæmd var í Gabon 2007, leiddi í ljós verulega annmarka að því er varðar tilteknar lagarafurðir sem ætlaðar eru til útflutnings inn í Evrópubandalagið. Alvarlegir annmarkar komu í ljós, einkum varðandi getu gabonskra yfirvalda til að grípa til aðgerða til úrbóta þegar innihald þungmálma og súlfíts er mikið.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum⁽²⁾ er mælt fyrir um hámarksgildi fyrir þungmálma í tilteknum lagarafurðum.
- 4) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni⁽³⁾ er mælt fyrir um hámarksgildi fyrir súlfít í tilteknum lagarafurðum.

- 5) Aðildarríki skulu því annast viðeigandi eftirlit með tilteknum lagarafurðum frá Gabon við komu til landamæra Bandalagsins til að tryggja að farið sé eftir reglugerð (EB) nr. 1881/2006 og tilskipun 95/2/EB að því er varðar þungmálma og súlfít, eftir því sem við á.

- 6) Aðildarríki skulu nota viðeigandi sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við þetta eftirlit. Að því er varðar sýnatöku og greiningar á þungmálum gildir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007⁽⁴⁾.

- 7) Með reglugerð (EB) nr. 178/2008 er komið á fót hraðviðvörðunarkerfi fyrir matvæli og fóður sem skal nota til að framfylgja kröfu um gagnkvæmar upplýsingar sem kveðið er á um í 2. mgr. 22. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB⁽⁵⁾. Auk þess skulu aðildarríkin upplýsa framkvæmdastjórnina með skýrslum, sem senda skal reglulega, um allar greiningarniðurstöður úr opinberu eftirliti sem fram fer með þessum vörusendingum lagarafurða frá Gabon sem falla undir þessa reglugerð.

- 8) Reglugerðin skal endurskoðuð eftir eitt ár með hliðsjón af þeim tryggingum sem lögbær yfirvöld í Gabon láta í té og á grundvelli niðurstaðna úr prófunum sem aðildarríkin hafa staðið fyrir. Ný skoðun á vegum framkvæmdastjórnarinnar kann að vera nauðsynleg til að sannreyna þær tryggingar sem lánar hafa verið í té.

- 9) Allur kostnaður, sem stofnað er til við beitingu þessarar reglugerðar, skal falla á sendanda, viðtakanda, eða fulltrúa þeirra.

- 10) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 202/2008 (Stjtið. ESB L 60, 5.3.2008, bls. 17).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1126/2007 (Stjtið. ESB L 255, 29.9.2007, bls. 14).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/52/EB (Stjtið. ESB L 204, 26.7.2006, bls. 10).

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 29.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/104/EB (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 352).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þessi reglugerð skal gilda um þær lagarafurðir, sem upprunnar eru í Gabon og ætlaðar eru til manneldis, sem falla undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar þungmálma og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB að því er varðar súlfít.

2. gr.

1. Aðildarríki skulu tryggja, með því að nota viðeigandi sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir, að hver afurðasending, sem fellur undir 1. gr., fari í gegnum nauðsynlegar prófanir til að ganga úr skugga um að umræddar afurðir uppfylli ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar þungmálma og í tilskipun 95/2/EB að því er varðar súlfít. Sýnataka og greining fyrir þungmálma skal framkvæmd í samræmi við reglugerð (EB) nr. 333/2007.

2. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni skýrslu á þriggja mánaða fresti yfir allar greiningarmiðurstöður úr opinberu eftirliti með afurðasendingum sem falla undir 1. gr. Skýrslan skal send í fyrsta mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs (apríl, júlí, október og janúar).

3. Nota skal sameiginlega skýrslusniðið sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. gr.

Aðildarríki skulu ekki heimila innflutning afurða, eins og um getur í 1. gr., sem ekki uppfylla ákvæðin sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

4. gr.

Allur kostnaður sem stofnað er til við beitingu þessarar reglugerðar skal falla á sendanda, viðtakanda, eða fulltrúa þeirra.

5. gr.

Reglugerðin skal endurskoðuð með hliðsjón af þeim tryggingum sem lögbær yfirvöld í Gabon láta í té og á grundvelli niðurstaðna úr prófunum sem um getur í 2. gr. Ný skoðun á vegum framkvæmdastjórnarinnar kann að vera nauðsynleg til að sannreyna þær tryggingar sem látnar hafa verið í té.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla Vassilou

framkvæmdastjóri.

VÍÐAUKI

Sameiginlega skýrslusnið með um getur í 3. mgr. 2. gr.

Niðurstöður eftirlits með tilteknum lagarafurðum frá Gabon að því er varðar þungmálma og súlfít

Skýrslugjafarland:

Ár:

Ársfjórðungur:

Tegund lagarafurðar	Kóði sýna	Greiningardagur (dd/mm./áá áá)	Greind efni (t.d. Pb, Cd, Hg, súlfít) ⁽¹⁾	Niðurstaða (mg/kg) ⁽²⁾	Mælióvissa (einungis fyrir þungmálma) (x ± U) ⁽³⁾	Uppfyllir ákvæðin (já/nei)	Greiningarmörk (einungis fyrir þungmálma) (mg/kg)	Magnreiningarmörk (einungis fyrir þungmálma) (mg/kg)

⁽¹⁾ Tilgreina skal hvert greiniefni í sérlínu.
⁽²⁾ Skrá skal niðurstöður fyrir súlfít sem SO₂.
⁽³⁾ Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 333/2007.